

**3339. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
28. mars 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson varamaður, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Bæjarfulltrúi Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir er fjarverandi og varabæjarfulltrúiinn Kristín Sigurgeirs dóttir átti ekki kost á að mæta.

Fyrir tekið:

1. 1801190 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018

389. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála.
Byggðaaáætlun - tillaga til þingsályktunar

Lagt fram.

2. 1802330 - Baugalundur 3 - Umsókn um byggingarlóð

Umsókn Hafdíasar Mjallar Lárusdóttur um byggingarlóð við Baugalund 3. Umsóknargjald hefur verið greitt og því er umsókn tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda.

3. 1803164 - Asparskógar 15 - Umsókn um byggingarlóð

Umsókn Gríms Halldórssonar um byggingarlóð við Asparskóga 15. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

4. 1803076 - Asparskógar 19 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Gullstofunnar um byggingarlóð við Asparskóga 19. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda.

5. 1803072 - Asparskógar 21 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Gullstofunnar um byggingarlóð við Asparskóga 21. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda.

6. 1803083 - Styttning vinnuvikunnar

Magnús Már Guðmundsson borgarfulltrúi f.h. Samfylkingarinnar tekur sæti á fundinum og kynnir verkefni borgarinnar um styttingu vinnuvikunnar. Einnig taka sæti á fundinum sviðsstjórar Akraneskaupstaðar og Hafdíssigurþórsdóttir fulltrúi á skipulags- og umhverfissviði sem er trúnaðarmaður félagsmanna StRv hjá Akraneskaupstað og öryggisfulltrúi starfsmanna á bæjarskrifstofunni.

Bæjarráð þakkar Magnúsi Má fyrir fróðlega og gagnlega kynningu.



Bæjarráð tilnefnir bæjarfulltrúana Ólaf Adolfsson og Ingibjörgu Pálmadóttur í starfshóp um verkefnið og felur bæjarstjóra að tilnefna fulltrúa úr hópi starfsmanna Akraneskausptaðar sem taki sæti í starfshópnum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna tillögu að erindisbréfi fyrir næsta fund bæjarráðs.

Starfshópurinn verður ólaunaður.

7. 1803017 - Stuðningur við afreksíþróttafólk

Skóla- og fristundaráð samþykkti á fundi sínum 20. mars 2018 að leggja til við bæjarráð að Akraneskaupstaður stofni afrekssjóð sem ætlað er að veita framúrskarandi íþróttafólkí íA stuðning þegar það skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum. Jafnframt er lagt til að stofnuð verði afreksnefnd sem hefur það hlutverk að koma með tillögu að veitingu styrksins.

Markmið Akraneskaupstaðar með stofnun slíks afreksstyrks er að veita framúrskarandi íþróttafólkí stuðning þegar það skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.

Afreksfólk eru þeir einstaklingar sem standast viðmið í viðkomandi íþróttagrein sem skilgreind eru af viðkomandi sérsambandi og tekur mið af afreksstefnu ÍSÍ. Styrkurinn er viðleitni Akraneskaupstaðar að styðja við afreksíþróttafólkí íA sem hefur náð þeim einstaka árangri að keppa meðal þeirra bestu í heimi og kemur fram fyrir hönd íA og eru jafnframt fyrirmyn dir yngri iökenda.

Í afreksnefnd eiga sæti einn fulltrúi stjórnar íA, formaður skóla- og fristundaráðs og svíðsstjóri skóla- og fristundasviðs (eða staðgengill hans).

Hlutverk afreksnefndar er að vinna í samræmi við ofangreind viðmið og starfa samkvæmt starfsreglum sem samþykktar eru af skóla- og fristundaráði.

Afreksnefnd leggur fram tillögu um styrkþega til skóla- og fristundaráðs.

*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.
Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins.*

8. 1803123 - Breiðarsvæði - Húsnaði/mannvirki

Hugmyndir um nýtingu á tanki og Hafbjargarhúsi voru kynntar á síðasta fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 19. mars.

Hjálagðar eru tillögur byggingarfulltrúa um hugsanlega nýtingu mannvirkjanna.

Bæjarráð þakkar byggingarfulltrúa fyrir tillögurnar og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

9. 1712032 - Skotfélag Akraness - framkvæmdasamningur

Erindi Skotveiðifélagsins var frestað á fundi bæjarráðs þann 7. desember síðastliðinn og bæjarstjóra falið að vinna verkefnið áfram.

Heildarkostnaður framkvæmda er um 5 mkr. og gert ráð fyrir tveggja ára framkvæmdatíma.

Bæjarráð samþykkir erindið með hliðsjón af þeirri uppbyggingu sem nauðsynleg er á svæðinu.

Kostnaði vegna framkvæmdanna á árinu 2018, samtals um 2,5 mkr., verður mætt af liðnum 20830-4980. Tekið verði tilliti til kostnaðar á árinu 2019 við gerð fjárhagsáætlunar (fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun).



10. 1803074 - Ærslabelgur

Tillaga verkefnastjóra og umhverfisstjóra um kaup á ærslabelg til uppsetning á Akranesi.

Bæjarráð samþykkir tillöguna og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Kostnaði, samtals að fjárhæð 2,5 mkr, verður mætt af liðnum 20830-4995.

11. 1803190 - Bílnúmeramyndavél

Erindi Löggreglunnar á Vesturlandi um uppsetningu á bílnúmera myndavélu við innkomur í bæinn.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins en bæjarstjórinn á Akranesi og sveitarstjórnir í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit hyggast eiga samvinnu um verkefnið.

12. 1803147 - Verðlaunahátíð barnanna - boð um þáttöku/styrk

Styrkbeiðni vegna verðlaunahátíðar barnanna.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

13. 1803185 - Vitastígur á Breiðinni

Tilkynning Ferðamállastofu um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða að fjárhæð kr. 11.120.000 til þess að ljúka við 150 metra langan stíg frá bílastæði og aðkomutorgi að áningarstaðnum, yst á tanganum á Breiði.

Bæjarráð fagnar styrkveitingunni og þakkar umhverfisstjóra og verkefnastjóra á stjórnsýslu- og fjármálasviði fyrir vandaða umsókn til Framkvæmdasjóðsins.

14. 1703123 - Stefnumótun í menningar- og safnamálum 2017-2018

Fyrstu drög að Menningarstefnu Akraneskaupstaðar lögð fram til umsagnar bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir menningarstefnu Akraneskaupstaðar í samræmi við umræður á fundinum og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

15. 1511324 - Höfði - lífeyrisskuldbindingar

Yfirlit vegna uppgjörs við ríki vegna lífeyrisskuldbindinga Höfða.

Andrés Ólafsson verkefnastjóri og Jóhann Þórðarson endurskoðandi Akraneskaupstaðar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

The image shows four handwritten signatures in blue ink, likely from local officials, arranged vertically. The top signature is 'Rauð Óskarsdóttir'. Below it is 'Valgerður S. Þorðardóttir'. The third signature is 'Jugibjörn Þ. Þorðarson' with a large, stylized 'T' at the beginning. The bottom signature is 'Guðrún Þóra Þorðardóttir'.